



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. mars 2026

VEL25090041

UMSÖGN

Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að Stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026–2036

Með bréfi velferðarsviðs dags. 9. mars 2026, var skóla- og frístundaráði boðið að taka þátt í samráðsferli um drög að Stefnu í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036. Sbr. mál nr. 2/2026 í samráðsgátt Reykjavíkurborgar.

Stefnan markar mikilvægt skref í átt að því að tryggja fötluðu fólki aukin lífsgæði, virka þátttöku og valdeflingu. Stefnan hefur veruleg tengsl við starfsemi skóla- og frístundasviðs, sérstaklega með tilliti til þjónustu við börn, ungmenni og fullorðið fólk með fötlun.

Skóla- og frístundasvið tekur jákvætt í megináherslur stefnunnar en telur jafnframt mikilvægt að styrkja tiltekin atriði sem snúa beint að skóla- og frístundastarfi til að tryggja heildstæða framkvæmd og samfellu í þjónustu frá æsku til fullorðinsára.

Þættir sem stefnan leggur sérstaka áherslu á eru afar þýðingarmiklir í þjónustu við fatlað fólk á öllum æviskeiðum. Þeir þættir sem dregnir eru fram; valdefling, sjálfstætt líf, stuðningur, félagsleg þátttaka og aðgengi.

Aðgengi fatlaðra barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi er ekki í samræmi við gildandi reglugerðir í byggingum sem hýsir starfsemi skóla- og frístundasviðs. Þá þarf að huga betur að aðgengi fyrir fatlaða foreldra.

Það er einnig mikilvægt að tryggja betur aðgengi að upplýsingum til dæmis á vefnum og lítið framboð er af texta á auðlesnu máli.



Reykjavík